

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, iðnaðarsvæði - mjólkurstöð við Miðhúsabraut.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í því að lóð Mjólkursamsölunnar við Súluveg minnkar til vesturs en stækkar lítillega til norðurs og austurs en einnig til suðurs þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 7. nóvember 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2007